

Mál nr. 435/2020**M og
V kaskótryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun umfangs tjóns vegna tjónsatviks 8. desember 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28. desember 2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 12. desember (á væntanlega að vera janúar) 2021, ásamt álitum viðgerðarverkstæðisins Bílabót og ljósmyndir af bifreið X.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur að einu sinni hafi verið ekið á hlið bifreiðar hennar í desember 2019 með þeim afleiðingum að bæði hurð varð fyrir tjóni sem og á svokölluðum síls við hurðina.

M kveðst hafa farið með bifreið sína í viðgerð á tiltekið bifreiðaverkstæði og gert athugasemdir við viðgerð þegar ekki hafi verið gert við sílsinn á bifreiðinni. M lýsir samskiptum sínum við bæði starfsmenn bifreiðaverkstæðisins sem og starfsmenn V um að hún hafi ekki fengið nægar upplýsingar eða haft samband við hana þegar því var lofað og telur að V hafi ranglega komist að þeirri niðurstöðu að umrætt tjón á síls tilheyrir öðru tjónsatviki en því sem leiddi til tjóns á hurð bifreiðarinnar.

V vísar til þess að í vegna tjónsatviks sem M hafi tilkynnt til félagsins, um að hún hafi komið að bifreið sinni skemmdri þegar hún kom út úr verslun í desember 2019, hafi verið gert við hægri afturhurð bifreiðarinnar og það tjón bætt úr kaskótryggingu M hjá V. Samdóma álit starfsmanna bifreiðaverkstæðis og starfsmanna V hafi hins vegar verið að tjón á síls tengdist ekki sama tjónsatviki. V vísar til ljósmynda af bifreiðinni og byggir á að það sé ósannað að tjón á síls hafi orðið við sama tjónsatvik og tjón á afturhurð, ákomur tengist ekki og sönnunarbyrði um annað hvíli á M.

Álit

Óumdeilt er að tjón varð á afturhurð bifreiðar M sem V hefur bætt úr kaskótryggingu. Hins vegar er ágreiningur um hvort tjón á svokölluðum síls sé hægt að rekja til sama tjónsatviks. Þau gögn sem lögð hafa verið fram í því samhengi eru annars vegar frásögn M um að hún telji að eitt tjónsatvik hafi leitt til bæði ákomu á afturhurð og síls og hins vegar álit starfsmanna V og bifreiðaverkstæðis um að það geti ekki verið.

Á M hvílir sönnunarbyrði um að tiltekið tjónsatvik hafi leitt til þess tjóns sem hefur ekki verið bætt sérstaklega á síls bifreiðar hennar. Í gögnum málsins eru engin gögn eða mat annarra sem styðja það sem M heldur fram. Álit starfsmanna V er hins vegar byggt á mati bifreiðaverkstæðis um að miðað við ákomu á bifreiðinni verði ekki talið að skemmd á síls sé hægt að rekja til sama tjónsatviks og tjón á hurð. Því mati hefur ekki verið hnekk og telst því ósannað að það hafi orðið frekara tjón á bifreið M vegna sama tjónsatviks og það tjón sem þegar hefur verið bætt á afturhurð bifreiðar hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.